

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

September 2010

## Áróður að hausti

Nú er einungis eftir að skemmta síðustu sjóbirtingunum, svo er þetta búið í bili, og þá er bara að dilla sér við væsinn til vors. Þetta var ljómandi veiðisumar, alla jafna blíðuveður og sumstaðar brást silli við þar sem maður vætti flugu. Flæðarlúsinn kom í heiminn og var vel tekin, flestir laxfiskar virðast spenntir fyrir henni. Og allt í föstum skorðum í raun(a)-veröldinni: „í sveitinni voru nú notuð net forðum“, fiskbúðabrandarar og undrun yfir kílóverði á afurðum – margir eiga náttúlega ekkert betra skilið en að spila golf. Það má ekki ræða um fluguveiði nema við innvígða, það er fullreynt, menn gangast upp í að misskilja – „fly fishing is to fishing as ballet is to walking“, við Ármenn vitum það.

Það er annars voða fallett við fluguveiðidelluna hvað hún hefur víða skírskotun. Allir iðkendur dásama útiveruna og tala hlýlega um fuglana og mýið. Sumir eru alltaf svangir eða eiga fjölskyldu á vonarvöl – og þurfa að drepa allt sem hönd á festir. Aðrir eru meðalhófsmenn og taka bara það sem þeir raunverulega torga í soðið. Enn aðrir nota svo granna tauma að þeir þurfa aldrei að landa neinu, og göfugmennin tala kristileg kærleiksorð yfir sínum fiskum og sleppa þeim svo. Það er hreinasatt að það er auda bara snobb að fara til veiða og þykjast ljúglad hvort maður fær eitthvað eða ekki.

Löndun og aðgerð eru hinsvegar ofmetin fyrirbæri. Um veiðifærni má minna á að maður missir ekki fisk (silla) sem ekki tók! Og það er gaman að sjá hamíngjubrosið sem prýðir margan silúnginn þegar flugan er losuð og hann tekur til ugganna og heldur í holuna sína, upprifinn eftir hressandi „viðureign“, með söguefni handa seiðunum sínum fyrir svefninn. Í hinum bezta heimi ræktar örugglega sérhver fluguveiðimaður sína sérvizku, dýpkar sína delli, fer til veiða á uppáhaldssvæðin

sín og nýtur þess að sínum hætti. Draumurinn væri að allir gætu það, sumir gengju rétt mældar og rúllandi vaktir til veiða og kæmst svo í upp-búin rúm og hótelfæði, aðrir í tjald og vosbúð og viðbrenndan Ora-búðing af prímusnum – og samneyti við silla í sumarnóttinni (í flottum ám). Einhverjir mundu auðvitað halda því fram þetta sé hinn íslenzki veruleiki og ekki undan öðru að kvarta, aðrir telja ekki svo.

Sjálfur snýst ég eins og framsóknarhafi í vindi, það er vissulega alltof dýrt að kaupa aðgang að uppáhalds-ánni, og það er ótækt að þurfa að far'í kvöldmat kl. nákvæmlega eitthvað frá vakandi fiski og sumarkyrrðinni í algleymi – en það hlýtur jafnframt að vera keppikefli réttareigenda að græða sem mest á mér og selja mér sem mesta þjónustu! og meðan því dýrðlega umhverfi er ekki spillt og Drottningin dafnar ... erðetta þá ekki allt í bezta lagi? Því það virðist ekki mega ganga að því gefnu að það sé reglan, ef marka má frásagnir af fisklausum og helbörðum margstanga svæðum sem menn kaupa sér aðgang að fyrir fúlgur fjár – eða hvað?

Og mér finnst það alltaf furðulegt laxasnobberíð, ennþá virðist talið til framfara að planta laxi nánast hvar sem gárar vatn, í fínar silúngsár jafnvel – af hverju má það? Og hvaða skilyrðum er það háð? Er það gamla íslenzka framkvæmdarómantíkin í fullum gangi?

Hvernig umhverfismati er það háð að djöflast með vegslóða meðfram árfarvegum og grafa sleppitjarnir tvist og bast? Eru allar aðgerðir á íslenzkum

veiðivötnum og við þau samkvæmt samþykktum áætlunum og í þökk neytenda (þar fara í broddi fluguveiðimenn auda)?

Hver er réttarstaða hins frjálsa/frjálsborna silúngs (og laxs ef því er að skipta)? er hann ekki örugglega göfugar veiddur með einni aðferð umfram aðra? Hvernig verður sjálfbærni stofna og vatnakerfa tryggð? skiptir hún kannskjé ekki máli, er jafngöfugt að veiða munaðarleysingja verksmiðjalda í baðlaugum þar sem eina spennumómentið í uppveixinum er hvort tappinn er tekinn úr presíst kl. korter í göngutíma? Hvar / hver er íslenzki landnámssilúngurinn? er vegur hans nógu mikill?

Og hvert er hlutverk veiðifélaganna og ábyrgð ... það er vandfæð, svo mikið er víst, og maður verður ávallt að vera heill í sínum fordómum.

Í byrjun nóvember fagnar Landssamband stangveiðifélaga stórafmæli, en Ármenn eru aðilar þar að eins og alþjóð veit. Haldin verður ráðstefna þar sem fjallað verður um umgjörð og grundvöll veiðidellunnar eins og hún blasir við á vorum dögum – rannsóknir, leyfisveitingar, seiðasleppingar og fikt, rekstur veiðisvæða, og síðast en ekki sist það að veiða. Það ætti alltjamt að gefa okkur Ármönnum tilefni til að tjalda gáfu-svipnum part úr degi.

Q! #726



# Rabbað við Ármann nr. 594 um nokkur handtök með hamri og sög, félagslegt gildi fluguhnýtinga og fyrirsætustörf fiska

Í sumar og haust hefur verið gerð hljóðlát bylting í Árósum. Þegar vetrarstarfið hefst formlega hinn 25. október munu Ármenn án efa taka efti að merki félagsins hefur verið endurnýjað yfir innganginum á nýmáluðu húsinu. Þegar inn er komið virðist allt með svipuðu sniði og í fyrra en þegar betur er að gáð hefur ýmislegt smálegt breyst. Mest munar um að bæði skrifstofa og eldhús hafa verið tekin í gegn og endurnýjuð. Sá sem verið hefur driffjörðin í þessu starfi er formaður húsnefndar, Hjálmar Sæbergsson húsgagnasmiður.

Hjálmar er ekki hávær maður í fjölmenni og hefur sig lítt í frammí, en þeir sem dáðst hafa að glæsilegum myndasýningum á breiðtjaldinu í Árósum undanfarin misseri mega vita að þær eru flestar úr smiðju Hjálmars og veiðifélaga hans.

Það er ekki hlaupið að því að ná í skottið á þessum fjölhæfa manni og tíndamaður Áróðs þarf að panta viðtal með fimm daga fyrirvara.

## Endurbætur á húsinu

Þetta var orðið óttalega vandræðalegt, aðstaðan í eldhúsinu var svo klén. Við ákváðum að taka eldhúsið og skrifstofuna í gegn svo nú er þetta allt annað ef fólk vill halda veislur eða gera eitthvað í húsinu. Stjórnin fær miklu þægilegri vinnuáðstöðu á skrifstofunni og það er skemmtilegra að leigja húsið út þegar unnt er að bjóða sæmilega aðstöðu í eldhúsinu. Fólk vill fá ofn og geta hitað.

Húsið er töluvert leigt út en þá er Ármaður yfirleitt í ábyrgð. Við viljum engin unglingspartí í húsinu því þarna eru munir sem eru algerlega ómetanlegir. En ef félagsnúmer er á bakvið er allt í lagi og það er sjálfsagt að fólk



Formaður húsnefndar ætlaði á bleikjuveiðar í Soginu en fékk þennan.

fái salinn til að halda uppá afmæli og önnur tilefni.

Skiltið kom í sumar, þetta gamla var orðið svolítið sjabbí, en þetta lífgar umhverfið. Síðastliðinn mánuð hef ég sjálfur verið að dunda við þessar innréttingar. Mér finnst allt í lagi að vera einn í svona verki þegar þetta er ekki meira. Þá er enginn að böggja mann. Kostnaðurinn er aðallega efniskostnaður, og dýrasti hluturinn er líklega ofninn. Við rukkum ekkert fyrir vinnuna, það er hluti af því að vera í félaginu að gefa af sér í svona það sem maður kann.

Það næsta sem blasir við er að taka gluggana á bakhliðinni. Þeir liggja undir skemmdum. Ég vona að við getum endurnýjað þá næsta vor. Sömuleiðis þarf að láta lagfæra raf-

magnsinntakið. Núna er það staðsett í fáförnu lagerhúsnæði hér að húsabaki svo við þurfum að ræsa út menn ef höfuðrofinn slær út. Það er sjálfsagt að færa það innfyrrir dyr hjá okkur.

## Félagslífið

Félagslífið í vetur verður með hefðbundnu sniði en ýmislegt verður gert til að lífga uppá aðsóknina. Skegg og skott verður á sínum stað á mánuðögum en á miðvikudögum verður lögð áhersla á að sinna öðrum efnunum. Þá skoðum við myndir, fáum einhverja til að halda fræðsluerindi og spjöllum yfir kaffibolla.

Hugmynd okkar er að nota miðvikudagana til að fara skipulega gegnum myndasafnið. Við þurfum að koma skikki á safnið okkar, finna út hverjir eru á myndunum og af hvaða tilefni þær eru teknar. Okkur langar til að fólk komi með myndir og fá að skrá þær í safnið. Í fyrravor skoðaði ég gömlu myndirnar og við bjuggum til tölvutæka sýningu fyrir vorfagnaðinn sem vakti mikla ánægju og forvitni. Það kom í ljós að maður þekkti bara örfáa og ef við tókum okkur ekki á núna töpum við þessu alveg. Þess vegna er mikilvægt að gera þetta núna og við vonum að gamlir Ármenn verði okkur hjálplegir við þessa vinnu.

Hugmyndin er reyndar frá Stefáni Hjaltested og ég hef rætt við hann um að taka þátt í þessu. Hann hefur lofað að vera með og ég er viss um að þetta

## Uppskeru- og veiðimannamessa í Strandarkirkju

Athygli er vakin á því að hin árlega uppskeru- og veiðimannamessa í Strandarkirkju verður sunnudaginn 17. október 2010 kl. tvö eftir hádegi. Sr. Baldur Kristjánsson messar. Þótt allir séu að sjálfsögðu velkomnir eru veiðimenn við Hlíðarvatn boðnir sérstaklega velkomnir.

**Fluguhnýtingaefni**  
Mesta úrval landsins af fluguhnýtingaefni  
Afsláttur til Ármanna  
**Vesturröst**  
Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is



verður frábært – góð skemmtun, og við fáum gömlu kallana inn í hús.

Draumurinn er auðvitað að auka aðsóknina og til þess þarf eitthvað að vera í gangi. Við fáum fyrirlesara í samvinnu við stjórnina eins og verið hefur og svo hefur stjórnin látið sér detta eitthvað í hug. Einhverjir þar hafa látið heillast af bókum og blöðum sem hér eru í hillum og þá langaði til að grúska meira í þeim til að geta sagt öðrum frá þessum gersemum.

Mánudaga er hnýtingarkvöld. Ég vil fá gömlu snillingana til að kenna yngri mönnum. Þá færðu kannski þá sem eru hræddir og þora ekki að koma – ég þekki það frá sjálfum mér. Ef maður fær gamla til að hnýta ekki bara úti í horni, heldur ganga aðeins um, skoða hjá hinum og leiðbeina; þá kannski fáum við unglingsana, börnin, til að koma.

Mér líst vel á hugmyndina hans Ágústs Úlfars um að bjóða byrjendum að koma á Skegg og skott í febrúar og fá tilsögn. Hugmyndin er að þegar menn kaupa hnýtingarsett fyrir jólin fylgir gjafabréf frá Ármönnum, þar sem eigandanum er boðið að koma til okkar á mánudagskvöldum í febrúar. Þetta verður ekki námskeið en fólk verður leiðbeint um fyrstu skrefin. Stjórnin er búin að ræða við tvær veiðibúðir um að taka þátt í þessu og þær tóku því vel.

#### Svo eru það stærri viðburðir

Stjórnin verður með óvænta upp-ákomu við opnun hússins nú í lok október. Við höldum bjórkvöld með myndasýningu í nóvember og það væri frábært ef fólk gæti komið með myndir eftir sumarið til að sýna. Ég hef lofað að taka eitthvað saman úr efni sumarsins.

Litlu jólin voru orðin ansi lítil en þeirri þróun var svo snúið við þegar við fórum að kynna jólabækur veiðimannsins við sama tækifæri. Við höldum áfram á sömu braut og reynum að koma öllum í rétta jóla-skapið.

Eftir áramótin standa þorablótið og vorfagnaðurinn uppúr. Báðar þessar samkomur hafa stækkað jafnt og þétt síðustu árin. Það var nokkuð stór og fjörug dagskrá á þorablótinu síðast í stappfullu húsi, en húsið rúmaði varla fjöldann sem kom á vorfagnaðinn.

Ég er ánægður með það sem búið er að gera og það sem framundan er. Ég er aðallega að pæla í aðsókninni á mánudögum og miðvikudögum, þegar ekki er auglýst einhver sérstök dagskrá, bara hnýtingar og spjall. Húsnefndin mun gera sitt besta til að taka



Ármaður #594 nýtur veru sinnar við veiðivatn.

vel á móti fólk – og rækta hið forn-kveðna: Maður er manns gaman.

#### Myndir á þili

Þessar myndir sem ég hef stundum sýnt á tjaldinu í Árósum koma meira frá veiðifélaga mínum. Við erum í þessu sex saman, en bara tveir Ármenn í hópnum. Við höfum tekið myndir í nokkur ár og nú er orðið ómissandi í veiðiferðum að taka vídeó og ljósmyndir. Við leggjum töluvert uppúr því og vöndum okkur. Við reynum að taka flottar myndir, en kannski eru þetta bara góðar græjur? Ínær vélar? – segir Hjálmar og brosir kankvíslega.

Myndirnar frá sumrinu toppa allt sem við höfum gert hingað til. Við höfum verið að baksa við að taka myndir undir vatnsborðinu í sumar og ætlum að sýna það sem hægt er að nota á bjórkvöldinu í haust. Klippingar eru í fullum gangi og ég get lofað að það syndir alla vega einn lax fyrir vélinu með fluguna uppí sér.

Þessar félagar mínir veiða eingöngu á flugu. Við höfum verið að hnýta tvisvar í mánuði undanfarnir þrjú ár en í vetur ætlum við að hnýta bara

hjá Ármönnum á mánudögum. Það er stefnan. Gaman væri að þeir hópar sem hnýta saman út um allan bæ kæmu saman í Árósum. Þar er glæsileg aðstaða, góð ljós og borð, mikið af önglum, dágóður slatti af ýmsu efni, gott safn af keflum og auk þess skjávarpi og sjónvarp, allar aðstæður til að skapa skemmtilegt kvöld.

Ég á von á að þessir félagar mínir muni ganga í Ármenn með tímanum. Ég held að séu tuttugu ár eða meira síðan ég byrjaði. Ég fór á kastnám-skeið hjá Ármönnum og þaðan fékk ég þessar bakteríu að veiða á flugu. Uppúr því fór ég á hnýtingarkvöld, fylgdist með hvað menn voru að gera og bara byrjaði. Svo festist það í manni en kannski er það félags-skapurinn sem höfðar mest til mín, góður félagsskapur gefur mér mest þegar allt kemur til alls.

#643 skráði

**SÖLUSTADIR:**  
Reykjavík:  
Intersport og Veiðiportíð  
Akureyri: Hornið

**WURTH**

Wurth á Íslandi ehf. **A varshandi** Vesturhrauni 5 Smiðjuvegi 11  
wurth@wurth.is 210 Garðabæ 200 Kópavogi  
www.wurth.is **Bíldshöfða 16** Freyjunesí 4  
Sími: 530 2000 110 Reykjavík 603 Akureyri

# Vetrardagskrá í Árósum 2010-2011

## Regluleg dagskrá

25. október mánudagur Árósar opna kl. 20.00

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

## Auglýstir viðburðir

3. nóvember miðvikudagur	Ágúst #2 kíkir í erlend veiðiblöð
10. nóvember miðvikudagur	Bókahillan. Baldur #643 segir frá góðum bókum.
19. nóvember föstudagur	Skemmtikvöld, maður er manns gaman, húsið opnar kl. 20
8. desember miðvikudagur	Aðventukaffi og bókakynning kl. 20.00
5. janúar miðvikudagur	Skilalok veiðileyfa umsókna
24. janúar mánudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
25. janúar þriðjudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
26. janúar miðvikudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
29. janúar laugardagur	Þorrablót
7. febrúar mánudagur	Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
9. febrúar miðvikudagur	Aðalfundur
14. febrúar mánudagur	Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
21. febrúar mánudagur	Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
28. febrúar mánudagur	Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
16. apríl laugardagur	Vorblót

***ATH. Ef auglýsta viðburði ber upp á sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.***

## Landssamband stangveiðifélaga


Í byrjun nóvember fagnar Landssamband stangveiðifélaga stórafmæli, en Ármenn eru aðilar þar að eins og alþjóð veit. Haldin verður ráðstefna þar sem fjallað verður um umgjörð og grundvöll veiðidellunnar eins og hún blasir við á vorum dögum – rannsóknir, leyfisveitingar, seiðasleppingar og fíkt, rekstur veiðisvæða, og síðast en ekki síst það að veiða. Það ætti alltjamt að gefa okkur Ármönnum tilefni til að tjalda gáfusvipnum part úr degi.



gsm: 698-4651 e-mail: joakims@simnet.is



Gæða flugustangir, hjól og línur sem hafa sannað sig hjá íslenskum veiðimönnum.



## ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is